

Nr. 18-062 S 039 Rán GK 91***Vélarvana og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 1921
Smíðaður: Vélsmiðja Seyðisfjarðar, 1988, stál.
Útgerð: Stakkavík ehf.
Stærð: 11,73 brl. 19,74 bt.
Mesta lengd: 13,84 m *Skráð lengd:* 13,30 m
Breidd: 3,60 m *Dýpt:* 1,93 m
Vél: Volvo Penta, 175 kW, 1998.
Fjöldi skipverja:



Rán © Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. apríl 2018 var Rán GK 91 á grásleppuveiðum við Reykjanes. Veður: ASA 11 m/sek.

Á veiðum fékk báturinn í skrúfuna og varð vélarvana. Óskað var aðstoðar hjá Vaktstöð siglinga sem hafði samband við nærstadda báta. Þyrla Landhelgisgæslunnar var ræst út ásamt björgunarskipinu Hannes Þ. Hafstein sem fór frá Sandgerði. Magnús SH 205 dró bátinn til hafnar í Sandgerði.

Við rannsókn kom fram:

- að landfestatóg skolaðist út af þilfarinu og fór í skrúfu bátsins;
- að skipverjar höfðu ekki gengið nógu tryggilega frá landfestatóginu þegar lagt var úr höfn.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til skorts á góðri sjómennsku að ganga tryggilega frá lausum endum á þilfari.